

Sveitarfélagið Vogar
Iöndal 2
190 Vogar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. ágúst 2009
Tilvísun: UST20090500075/ksj

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008 - 2028

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Voga er barst 18. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að nýju aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008 – 2028.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

Skipulagstillaga Íbúðarsvæði norðan núverandi þéttbýlis

Í skipulagstillöggunni kemur fram að fyrirhugað er nýtt íbúðasvæði vestan núverandi þéttbýlis í Vogum sem nær yfir alls 24 ha lands. Einnig kemur fram að skipulagssvæðið sé að hluta til á hrauni og því skuli leitast við að leyfa klöppum og sérstæðum hraunmyndunum að halda sér. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta eldvörp, gervigígar og eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að halda sem stærstum heildstæðum hraunmyndunum óröskuðum. Einnig vill Umhverfisstofnun taka undir áætlun um að á íbúðarsvæði, miðsvæði ÍB-4 verði opið svæði þar sem hraunhryggur er nefnist Skyggnir er. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem metnaðarfullar áætlanir eru um hverfisvernd í sveitarféluginu, þá væri við hæfi að vernda Skyggni með hverfisvernd.

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun tekur undir metnaðarfulla áætlun um hverfisverndun innan sveitarfélagsins Vogar og fagnar áætlunum um verndun mikilvægra náttúruminja innan sveitarfélagsins.

Efnistökusvæði

Í Sveitarféluginu Vogar er skilgreint eitt efnistökusvæði, þ.e. í Afstapahrauni. Í greinargerð kemur fram að að stærð svæðisins er um 20 ha. og að ekki er gert ráð fyrir að raskað svæði stækki þótt efnistaka verði þar áfram. Umhverfisstofnun telur afar mikilvægt að stýring efnistökunnar verði tryggð og að markmið aðalskipulagsins, að yfirborði hraunsins verði ekki raskað frekar en orðið, er haldist. Ljóst er að frekari

efnistaka úr námunni mun byggja á mölun efnis úr botni námunnar.

Umhverfisskýrsla Iðnaðarsvæðið í Flekkuvík

Í aðalskipulagstillöggunni er gert ráð fyrir 100 ha iðnaðarsvæði á jörð Flekkuvíkur. Umhverfisstofnun tekur undir að uppbygging stóriðju að Flekkuvík á Vatnsleysuströnd geti haft neikvæð áhrif hvað varðar ferðatengda atvinnustarfsemi. Umhverfisstofnun telur að stóriðju uppbygging muni hafa neikvæð sjónræn áhrif á landslag smábýla og smáhýsa meðfram ströndinni eins og hún er í dag, og einnig neikvæð áhrif á lífríki í nágrenni Flekkuvíkur. Í samantekt á mögulegum umhverfisáhrifum iðnaðarsvæðis í Flekkuvík sem sett er upp í töflu, telur Umhverfisstofnun að umhverfisáhrif iðnaðarsvæðis séu vanmetin. Sem dæmi má nefna þá eru áhrif á land og vistkerfi talin engin eða sömu áhrif og ef ekki væri byggt upp iðnaðarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar eru töliverðar líkur á að uppbygging stóriðju hafi neikvæð áhrif á land og vistkerfi.

Rannsóknarborholur á Trölladyngjusvæðinu

Fyrirhugað er að bora tvaer rannsóknaholur til viðbótar á Trölladyngjusvæðinu sem er hluti af Krísuvíkursvæðinu. Önnur holan er áætluð á núverandi borsvæði austan Oddafells en hin verður staðsett á nýju borsvæði sunnan Eldborgar. Ofangreint svæði er á fjarsvæði vatnsverndar. Einnig er svæðið að hluta innan Reykjanesfólkvangs og inni á svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur að af ofangreindum ástæðum sé mikilvægt að vel sé gengið um borsvæðin svo sjónræn áhrif séu sem minnst. Ef vel tekst til með rannsóknarholu er hún nýtt sem vinnsluhola. Þar af leiðandi þarf að skoða hvernig hægt verður að koma fyrir þeim framkvæmdum sem fylgja vinnsluholu, þ.e. lögnum, gufvirkjun o.p.h.ef fá eigi mynd af umhverfisáhrifum rannsóknarholu. Umhverfisstofnun bendir á áætlanir Orkuveitu Reykjavíkur varðandi rannsóknarborholur við Gráuhnúka, en þar er væntanleg heildarmynd skoðuð varðandi mögulega nýtingu á rannsóknarholum. Nauðsynlegt er að gera áætlanir um frágang á svæðinu bæði hvað varðar þær framkvæmdir sem þegar hafa verið gerðar og þær framkvæmdir sem nú eru áætlaðar ef ekkert verður af háhitanytingu.


Háspennulínur


Umhverfisstofnun hefur gefið umsögn dagsetta 25. júní sl.um frummatsskýrslu yfir heildarframkvæmd suðvesturlína og vísar í þá umfjöllun sína varðandi umhverfismat háspennulína innan sveitarfélagsins Voga.

Hafnarsvæði í Flekkuvík

Í umhverfisskýrslu aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2008 – 2028 er fjallað um möguleika á stórskipahöfn í Flekkuvík og í því sambandi við áform um stóriðju á nærliggjandi svæði. Umhverfisstofnun getur ekki fallist á það mat að fyrirhuguð stórskipahöfn muni líklega hafa óveruleg áhrif á náttúrufarslega þætti. Hafnargerð eru mikil framkvæmd sem kann að hafa talsverð neikvæð umhverfisáhrif, á nærliggjandi svæði vegna rýmis er höfnin tekur og gatnagerð og gerð bílastæða sem óhjákvæmilega fylgja framkvæmdinni. Einnig hefur stórskipahöfn mikil áhrif á gerð sjávarbotns þar sem höfnin er byggð upp, og allt lífríki þess svæðis verður óhjákvæmilega fyrir raski.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur stórskipahöfn neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á uppbyggingu ferðamennsku eins og áður var nefnt, á tiltölulega ósnortna strandlengju þar sem miklir efnisflutningar verða vegna uppbyggingar og ýmis mannvirki munu fylgja í kjölfarið.

Vinnungarfyllst

Ólafur A Jónsson

Tjörnir Ágústsdóttir

Sigrún Ágústsdóttir

Skipulagsstofnun